

## Daníel S. Sveinbjörnsson (1911-1976), bóndi í Saurbæ

Afhending 2021/30

Daníel S. Sveinbjörnsson fæddist 10. ágúst 1911 á Kolgrímastöðum, Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. Hann lést 1. október 1976 á Akureyri af slysförum.

Daníel fór í Bændaskólann á Hvanneyri og lauk þar prófi 1933. Tveimur árum síðar, árið 1935, kvæntist Daníel Gunnhildi Kristinsdóttur, f. 22. mars 1912, d. 15. júlí 1995, frá Samkomugerði. Þau hófu búskap í sambýli við foreldra Gunnhildar í Samkomugerði þar sem þau bjuggu í nokkur ár en árið 1939 fluttust þau að Saurbæ og bjuggu þar alla sína búskapartíð.

Daníel og Gunnhildur eignuðust níu börn, sjö drengi og tvær stúlkur.

Daníel tók mikinn þátt í félagsstarfi, m.a. í Ungmennafélagi Saurbæjarhrepps þar sem hann kom að byggingu samkomuhúss, sat um árabil í stjórn Nautgripæræktarfélags Saurbæjarhrepps, Sjúkrasamlags Saurbæjarhrepps, Ræktunarsambands Saurbæjar- og Hrafnagilshrepps og fleiri félögum. Daníel var einnig virkur í kórastarfi og sat í sóknarnefnd.

Þá var einnig símstöð í Saurbæ sem Daníel og Gunnhildur sáu um.

Daníel sat lengi í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps og var hreppstjóri Saurbæjarhrepps um skeið.

Afhendingin barst frá Þuríði Sigurðardóttur frá Dalvík, tengdadóttur Daníels. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

7. júlí 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

## A - Daníel S. Sveinbjörnsson

## A - Daníel S. Sveinbjörnsson

1918 - 1972

A 1 1 1918 - 1972

Ýmis afsöl, samningar og bréf:

Tilkynning um nauðungaruppboð á jörðinni Þrjúgsá í Saurbæjarhreppi, 1943; afsal af hálfri jörðinni Hleiðargarði í Saurbæjarhreppi, 1932; listi yfir eignir dánarbús Sveinbjörns Sigtryggssonar, 1939; kaupsamningur Sveinbjörns Sigtryggssonar og Þorláks Hjálmarssonar um jörðina Hleiðargarð í Saurbæjarhreppi, 1930; afsal af hálfri jörðinni Hleiðargarði í Saurbæjarhreppi, 1929; afsal af jörðinni Syðri-Villingadal í Saurbæjarhreppi, 1918; leyfi Daníels Sveinbjörnssonar fyrir samkvæmi, 1967; handskrifað uppkast að ritgerð um íslenskan landbúnað, óárs.; vélritað afrit af ritgerð um íslenskan landbúnað, óárs.; bréf til Daníels Sveinbjörnssonar frá Kristjáni Eldjárni, 1960; listi yfir eignir (Daníels?, órætt ár); handskrifað afrit af fasteignamati og úttekt á Saurbæ, óárs.; yfirlýsing frá fjölskyldu Daníels um samþykki fyrir kaupum hans á Saurbæ, 1967; meðmælabréf frá hreppsnefnd Saurbæjarhrepps vegna kaupa Daníels á Saurbæ, 1967; bréf frá Daníel til jarðeignadeildar ríkisins um vilja hans til að kaupa Saurbæ, 1967; tafla yfir kauptaxta trésmiða frá Trésmiðafélagi Akureyrar, 1968; bréf til Daníels frá Samvinnutryggingum um að byggja viðurkenningu fyrir öruggan akstur, 1967; bréf til Víkings Daníelssonar um víxil, 1969; yfirlýsing frá Daníel Sveinbjörnssyni um niðurfelling aðflutningsgjalda bifreiðar í hans eigu, 1968; handskrifað kröfubréf um skaðabætur frá Ræktunarsambandi Saurbæjar- og Hrafnagilshreppa vegna nautgripa, 1965; bréf til Daníels Sveinbjörnssonar um álagningu skatta, 1972; dreifibréf frá ráðunautum Búnaðarsambands Eyjafjarðar um sæðingu áa, 1972